



Dagar myrkurs á Austurlandi 03-13 nóvember 2011

Fimmtudagur 3. nóvember

Fjarðabyggð:

Ljósín tendruð - Heimili og fyrirtæki í allri Fjarðabyggð hvött til að tendra friðarljós kl.17:00 og hefja þannig hátíðina á táknrænan hátt.

Stöðvarfjörður:

Myrkrasúpa - Bæjarbúar mæta með sína uppáhaldssúpu á Kaffi Stein og gefa hverjum öðrum smakk. Garðar Harðar raular í rökkrinu.

Egilsstaðir:

Sláturhúsið kl: 17 – 22. Efri Hæð: *Að heiman og heim*. Sýning á lokaverkefnum sex austfirska listaháskólanema. Frítt inn. Nánar á slaturhusid.is

Djúpivogur:

Rökkur ratleikurinn 2011. Leikurinn fer fram í rökkrinu á Djúpavogi og gengur út á það að finna út hver heiðursdraugur hreppsins er þetta árið. Keppendur þurfa að líta við á 10 dularfullum stöðum dagana 4.-13. nóvember og safna vísbendingum. Þann 13. nóvember geta keppendur fundið út hver heiðursdraugurinn er og skilað nafni hans inn í draugadósina sem staðsett verður á endastöðinni. Fyrsta vísbending verður afhent á Hótel Framtíð föstudaginn 4. nóvember - eftir að skyggja tekur. Keppendur geta verið á öllum aldri og keppt sem einstaklingar eða hópar.

Ljósmyndakeppni á meðan á Dögum Myrkurs stendur yfir. Myndirnar verða sýndar á heimasíðu Djúpavogshrepps og á skjá í Löngubúð. Fólk beðið um að senda inn dularfullar og drungalegar myndir frá Djúpavogi (leyfilegt að nota „photoshop“). Myndir sendast á netfangið helgarun@djupivogur.is





Föstudagur 4. nóvember

Djúpivogur:

Rökkur ratleikurinn: Fyrsta vísbending afhent á Hótel Framtíð - eftir að skyggja tekur.

Hótel Framtíð: Draugapizzahlaðborð

Eskifjörður:

Fremsti töframaður landsins - Einar Mikael á Kaffihúsinu Eskifirði.
Fjölskyldusýning kl. 16:00. Fullorðins sýning kl. 18:00, 18 ára aldurstakamark.

Fáskrúðsfjörður:

Kaffi Sumarlína - Pizzatilboð

Breiðdalsvík:

Pub pic (pictionary) í Kaupfjlaginu kl. 21.30

Kertaljós og rómó í heita pottinum 16.00-20.00 – Ípróttahús Breiðdalshrepps.

Útimarkaður – Lækjarkot, útimarkaður kvenfélagsins Hlífar verður opinn 4. og 5. nóvember frá kl. 16.00-18.00. Heitt á könnunni og tilboð! Óvænt uppakoma ef veður leyfir.

Seyðisfjörður:

Sundhöll Seyðisfjarðar - Rökkur og rómantík svífur yfir lauginni á Dögum Myrkurs. Opið mán., miðv, og fös. kl. 6:30 – 09:00 & 16:00 – 20:00, laugardaga kl. 13 – 16.

Egilsstaðir:

Sláturhúsið kl: 14 – 16. Efri Hæð: *Að heiman og heim*-Sýning á lokaverkefnum sex austfirskra listaháskólanema. Frítt inn. Nánar á slaturhusid.is

Mugison og hljómsveit - KL: 21.00 í Sláturhúsinu. Miðasala á www.mugison.is





Laugardagur 5. nóvember

Seyðisfjörður:

"Teiknimyndasaga verður til" kl. 16:00, Sveinn Snorri Sveinsson opnar sýningu á Vesturveggnum, hann les upp úr nýrri ljóðabók á opnuninni.

Tækniminjasafn Austurlands - Opnun sýningar kl 17:00 á prentverkinu AMERICAN TO ICELANDIC DICTIONARY / ÍSLENSKA TIL BANDARÍSKA ORÐABÓK eftir bandaríska myndlistarmanninn Abra Ancliffe. Hún hefur í tvígang dvalist sem gestalistamaður í myndlistamiðstöðinni Skaftfelli. Kveikjuna að verkinu sem hér er til sýnis má rekja til dvalar hennar á Seyðisfirði.

Dagur myndlistarinnar - Opnar vinnustofur á Seyðisfirði frá 13:00 - 16:00. *Garðar Eymundsson*, Norðurgötu 5, neðri hæð. *Helgi Örn Pétursson*, Fossgötu 4. *Konrad Korabiewski*, Bjólfsgötu 4. *Litten*, Bjólfsgötu 4. *Romina Abate*, Norðurgötu 5, efri hæð. *Pórunn Eymundardóttir*, Fossgötu 4. Sjá www.dagurmyndlistar.is eða skaftfell.is.

Skaftfell - Frásagnasafnið í aðalsal Skaftfells er opið frá kl. 14:00 báðar Daga myrkurs helgarnar.

Bistró – Skaftfells - Opið kl. 14 og fram eftir kvöldi báðar Daga myrkurs helgarnar. Eldhúsið er opið kl. 14-21.

Skálinn - Mjög dularfull tilboð í sjoppunni báðar myrku helgarnar – opið fös. 09-21, lau. 10 – 21 & sun. 11 – 20.

Kaffi Lára

Opið um helgar – Dularfull stemming og andi frá Láru verður vafalaust á sveimi um húsið.

Eskifjörður:

KKK – Ketilbjöllur fyrir kraftmikla karla - Þrenna í boði f. 3000 kall: Laugard. 5. nóv kl. 11.30-12.30, Þriðjud. 8. nóv kl. 19.00-20.00, Fimmtud. 10. nóv kl. 19.00-20.00. Ketilbjöllur eru kenndar í Center Eskifirði, Strandgötu 44. Fyrirspurnir og skráning í eastwellnessvikings@gmail.com. Vertu með í East Wellness Vikings á feisinu.





„Ketilbjöllur eru æfingatækni sem byggir á gamalli hefð frá landbúnaðarhéruðum Rússlands. Þar notuðu menn vogarlóð sem svipaði til teketils í laginu við þyngdarmælingar. Þegar bændurnir voru ekki að vinna notuðu þeir lóðin til að prófa styrk sinn. Æfingarnar byggjast á náttúrulegum hreyfingum, byggja upp kraft, liðleika, þol, jafnvægi og eru alhliða líkamsrækt.

Ef þú ert tilbúinn að leggja á þig, verða launin ríkuleg, aukinn styrkur, mun meira úthald, betri líkamsvitund og betri líkamsstaða“

Reyðarfjörður:

Sómastaðir við Reyðarfjörð kl: 17:00 til 19:00. Berglind Ósk Agnarsdóttir, sagnaþula mun ásamt góðum gestum segja sögur tengdar myrkri og draugagangi af sinni alkunnu snilld. Síðast þegar slíkar sögur voru sagðar mátti heyra undarleg hljóð og dró niður í ljósum. Mjög líklega voru einhverjir vættir á ferð. Ef þú ert myrkfælin getur þú ekki látið þennan viðburð framhjá þér fara. Tónlist, sögur og skuggar. Allir velkomnir, líka þeir sem hræðast ekki neitt.

Fáskrúðsfjörður:

Kaffi Sumarlína - Kreppukaffi á neðri hæðinni kl. 15-17. Málin rædd yfir kaffi og vöflum. Verð 400 kr.

Fljótsdalshérað:

Skriðuklaustur - Ljósmyndasýningar og súkkulaðikökur
Opið kl. 14-17. Opnun kl. 14 á Ljósmyndasýningum Sigurjóns Péturssonar og Þóru Hrannar Njálsdóttur: *Aðventa á Fjöllum og Ferðalangar á Fjöllum.*
Klausturkaffi - Súkkulaðikökur og fleira góðgæti.

Snæfellsstofa - Opnun á sýningunni *Ljós|Light* kl. 15:00. Höfundurinn verður á svæðinu og kynnir verkið. Frítt inn. Sýningin byggir á blöndun og úrvinnslu, gamalla minninga, kvarða, ljóss, veðurs og landslags. Með því að upplifa og túlka titring og taktfestu viðfangsefnissis, mun Ljós|Light opna fyrir þér persónulega skynjun og tjáningu af náttúru Íslands og fyrri tíð. Höfundurinn er arkitektinn, kennarinn, ljósmyndarinn og hljóðlistamaðurinn, Hédi Kairouannais, sem hefur ferðast mikið um Ísland síðan 1993. Hann er nú fluttur til landsins frá Frakklandi og býr og starfar í Reykjavík.

Sláturhúsið kl: 14 – 16. Efri Hæð: *Að heiman og heim*-Sýning á lokaverkefnum sex austfirska listaháskólanema. Frítt inn. Nánar á slaturhusid.is





Langur laugardagur – Verslanir á Egilsstöðum opnar til kl. 18:00, ýmis tilboð og uppákomur í gangi.

Djúpivogur:

Kvöldganga kl. 18:00 við Geysi - Ganga um þorpið og sagðar myrkar sögur um kletta og skúmaskot.

Kertafleyting kl. 19:00 í fjörunni við voginn. Á vegum Kvenfélagsins Vöku.

Langabúð kl. 19:30 Súpa og brauð eftir kvöldgönguna. Kl. 20:30 Drauga-pubquiz og skuggalegt tilboð á veitingum.

Breiðdalsvík:

Útimarkaður – Lækjarkot, útimarkaður kvenfélagsins Hlífar verður opinn 4. og 5. nóvember frá kl. 16.00-18.00. Heitt á könnunni og tilboð! Óvænt uppákoma ef veður leyfir.

Graskersútskurður – námskeið í graskersútskurði á Hótel Bláfelli kl. 11:00.

Ljósmyndasýning - Opnun á sýningu Guðjóns Sveinssonar í Breiðdalssetri kl. 14.00-16.00.

Sunnudagur 6. nóvember

Djúpivogur:

Sandar - Myrkrafjöruferð. Varðeldur og grillaðir sykurpúðar. Gítarspil og söngur í skammdeginu. Kl. 16:00 við endann á flugbrautinni.

Arfleifð - Konukvöld kl. 21:00. Nýjar vörur kynntar, kertaljós og kósíheit, léttar veitingar og skemmtileg skvísu stemning.

Fljótsdalshérað:

Skriðuklaustur - Ljósmyndasýningar og súkkulaðikökur

Opið kl. 14-17. Sýningar Sigurjóns Péturssonar og Þóru Hrannar Njálsdóttur:

Aðventa á Fjöllum og *Ferðalangar á Fjöllum*. Súkkulaðikökur og fleira góðgæti.





Sláturhúsið kl: 14 – 16. Efri Hæð: Að heiman og heim-Sýning á lokaverkefnum sex austfirskra listaháskólanema. Frítt inn. Síðasti sýningardagur.

Breiðdalsvík:

Breiðdalssetur - Sýning á ljósmyndum Guðjóns Sveinssonar kl. 14.00- 16.00

Mánudagur 7. nóvember

Stöðvarfjörður:

Kertafleytingar – inn á Óseyri Stöðvarfirði. Hefjast kl.20:00.

Fáskrúðsfjörður:

Austfirsk menning í ljósmyndum – Sýning í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar kl. 20:00-21:00 á myndum úr Ljósmyndasafni Austurlands þar sem gefur að líta Fáskrúðsfirðinga og svipmyndir úr byggðarlaginu frá ýmsum tímum. Arndís Þorvaldsdóttir hefur umsjón með sýningunni sem er í powerpoint-formi. Auk ljósmyndanna verður stutt kynning á starfsemi Héraðsskjalasafnsins og Ljósmyndasafns Austurlands. Einnig verða sýnd myndskaið úr safni Austfirskra sjónvarpsfélagsins og útibús Stöðvar 2 á Austurlandi.

Þriðjudagur 8. nóvember

Seyðisfjörður

Austfirsk menning í ljósmyndum - Sýning í bíósal Herðubreiðar kl. 20:00-21:00 á myndum úr Ljósmyndasafni Austurlands þar sem gefur að líta Seyðfirðinga og seyðfirskt umhverfi á ýmsum tímum. Arndís Þorvaldsdóttir hefur umsjón með sýningunni sem er í powerpoint-formi. Auk ljósmyndanna verður stutt kynning á starfsemi Héraðsskjalasafnsins og Ljósmyndasafns Austurlands. Einnig verða sýnd myndskaið úr safni Austfirskra sjónvarpsfélagsins og útibús Stöðvar 2 á Austurlandi.

Djúpivogur:

Samsöngur við kertaljós kl. 08:05 í Grunnskólanum/tónskólanum. Allir velkomnir.

Sektarlausir dagar á bókasafninu.

Eskifjörður:





Ketilbjöllur - Frír kynningartími kl. 17:30 fyrir alla, unga sem aldna. Ketilbjöllur eru kenndar í Center Eskifirði, Strandgötu 44. Vertu með í East Wellness Vikings á feisinu.

Miðvikudagur 9. nóvember

Djúpivogur:

Sögulestur – Dimm og drungaleg saga lesin á bókasafninu kl. 13:10, fyrir leikskólakrakka og aðra áhugasama.

Austfirsk menning í ljósmyndum – í Helgafelli Kl. 20:00. Sýning á myndum úr Ljósmyndasafni Austurlands þar sem gefur að líta Djúpavogsbúa, nærsveitunga og svipmyndir úr sveitarfélaginu frá ýmsum tímum. Arndís Þorvaldsdóttir hefur umsjón með sýningunni sem er í powerpoint-formi. Auk ljósmyndanna verður stutt kynning á starfsemi Héraðsskjalasafnsins og Ljósmyndasafns Austurlands. Einnig verða sýnd myndskreið úr safni Austfirska sjónvarpsfélagsins og útibús Stöðvar 2 á Austurlandi.

Arfleifð - Karlakvöld kl. 21:00. Veiðisögur, villibráð og vinnsla á vörum úr íslenskum hráefnum. Góð ráð gefin um gjafakaup.

Upplestur og þrjónakaffi á Bókasafninu á Eskifirði. Opið frá 14:00 til 19:00. Þrjónakaffi kl.16:00 og upplestur fyrir fullorðna kl. 17:00. Kaffi á könnunni.

Stöðvarfjörður

Sögustund með Berglindi Agnarsdóttur. Kl. 20:00 í gömlu kirkjunni á Stöðvarfirði.

Fimmtudagur 10. nóvember

Fljótsdalshérað:

Þekkir þú myndina? Sýning á myndum úr Ljósmyndasafni Austurlands og ýmsum sérsöfnum. Myndirnar á sýningunni hafa verið færðar á stafrænt form í yfirstandandi skönnunarverkefni á vegum Héraðsskjalasafnsins. Þær eru frá ýmsum tímum og sýna óþekkt fólk og/eða staði. Markmið sýningarinnar er að afla upplýsinga hjá gestum um myndefnið. Myndunum verður varpað upp á





tjald og mun starfsfólk Héraðsskjalasafnsins hafa umsjón með sýningunni og skrá niður upplýsingar um myndir.

Hryllingssófabió í Sláturhúsinu - KL: 20.00. Dr. Jekyll and Mr. Hyde, (1931/98 min). Aðgangseyrir 500.- Nánar á slaturhusid.is

Djúpivogur:

Samsöngur við kertaljós kl. 08:05 í Grunnskólanum/tónskólanum. Allir velkomnir.

Sektarlausir dagar á bókasafninu.

Neistatímar - Myrkraverk framin.

Arfleifð - Opið kl. 14:00 – 16:00. Tilboð á tryllingslega töff töskum og hrikalega heillandi hárskrautum sem passa fullkomlega við Sviðamessudressið.

Eskifjörður:

Ástardagar á Eskifirði 10.-13. nóvember. Bærinn verður ljósum skreyttur og viðburðir fyrir rómantískt fólk. Bæjarbúar og gestir eru hvattir til að gefa hjörtu sín á milli, vera góð hvert annað og gefa af sér.

Drauga pub quiz á Kaffihúsinu Eskifirði kl. 21:00.

Stöðvarfjörður:

Myrkrabolti í íþróttahúsinu á Stöðvarfirði, kl. 20:00.

Reyðarfjörður:

Upplestur á Bókasafni Reyðarfjarðar - Kl. 13:00 Upplestur fyrir skólahóp leikskólans. Kl.15:00 Upplestur fyrir Grunnskólakrakkana. Kl. 17:00 Upplestur fyrir fullorðna (börn í fylgd fullorðinna). Drekaþóð og kolamolar í boði.

Norðfjörður:

Kaupstaðardagur á Nesi í Neskaupstað - til kl.21:00

- **Gallerí há**-kynningarverð á nýrri línu , Label-m. 20%afsl.af öllum vörum.
- **System** -Allur svartur fatnaður og skór á 10% afsl. Ýmis tilboð í gangi og boðið uppá heitt súkkulaði.





- **Nesbær** – Nytjalist á Nesi alla dagana, handverksmarkaður Norðfirðinga. 50% afsl. af völdum vörum, myndlistarmaður nóvembermánaðar, tilboð á meðlæti með kaffinu.
- **Tónspil** ýmis tilboð, kaffi og piparkökur.
- **Pizzahlaðborð** í Egilsbúð.
- **Nesbakki** 25% afsl. af allri gjafavöru, búsáhöldum og leikföngum. Kynning á Patkas frá kl. 16.
- **Fjarðasport**, tilboð og eitthvað skemmtilegt.
- **Verslunin Krystal** Baldur Rafn kynning og ráðgjöf á Pure pact nýjum lífrænum hárvörum milli kl. 14:00-22:00. 10% afsl.af vörunni.
- **Blómabúðin laufskálinn**, boðið uppá bakkelsi og ýmis tilboð.

Kajakklúbburinn Kaj - Opið hús í Þórsskúr, félagsaðstöðu klúbbsins kl.20:00.

Fjölskyldudagur myrkurs - í sundlaug Norðfjarðar kl.22:00, frítt í sund eftir kl.18:00.

Föstudagur 11.nóvember

Vopnafjörður:

„Það stendur í stjörnunum“ – Bustarfelli kl. 17:00. Stjörnur eru þema kvöldsins og sálin er nærð með tónlist, sögum og söng. Maginn nærður með vetrarsúpu að hætti Hjáleigunnar, kakó/kaffi og með því.

Djúpivogur:

Draugasögur lesnar á bókasafninu, allir velkomnir.

Neistatímar - Myrkraverk framin.

Kökubasar – Á vegum Foreldrafélags Djúpavogsskóla, kl. 16:00 – 17:30 í Samkaup.

Arfleifð - Opið 16:00 – 18:00. Tilboð á tryllingslega töff töskum og hrikalega heillandi hárskrautum sem passa fullkomlega við Sviðamessudressið.

Hálsaskógur - Faðir vora hlaup kl. 18:00. Óvæntar uppakomur á leiðinni. Minnum fólk á að koma með vasaljós til að lýsa upp rökkrið.

Kósý-stund í sundlauginni - Kl. 19:00-21:00. Kertaljós og rólegheit.

Langabúð - Kertaljósakvöld og draugaheit.





Seyðisfjörður:

Afturganga - Afturgangan hefst við Tækniminjasafnið klukkan 20:00. Hundrað ár eru frá því að rafmagnsframleiðsla hófst í Vjelasmíðju Jóhanns Hansson, megnið af búnaðinum er enn til staðar. Þess verður minnst með því að götuljós verða slökkt í bænum, m.a. til þess að vekja athygli á þeim þægindum sem fylgir uppfinningu þessari. Gengið verður í myrkrinu frá Tækniminjasafninu inn að kirkjunni. Bæjarbúar eru hvattir til að myrkva hús sín og slökkva útljós þessa klukkustund sem gangan fer fram. Göngufólk er hvatt til að mæta í búningum og með luktir, vasaljós eða kyndla. Komið verður við á nýrri sýningu myndmenntanemenda Grunnskóla Seyðisfjarðar í Bókabúðinni - verkefnarými Skaftfells. Í lok göngunnar býður sr. Cecil fólk velkomið inn í ljósið til að njóta kyrrðar og friðar í hinni yndislegu Seyðisfjarðarkirkju .

Bókabúðin - Ný sýning myndmenntanemenda Grunnskóla Seyðisfjarðar - verkefnarými Skaftfells frumsýnd í Afturgöngunni.

Fáskrúðsfjörður:

Kaffi Sumarlína - Pizzatilboð

Stöðvarfjörður:

Kyndlaganga og brenna - Gengið verður frá Birgisnesi að Hrafnakambi. Gangan hefst kl. 19:30.

Reyðarfjörður:

Föstudagur til fjár Löng opnun til kl.22:00

Í Molanum:

- Boðið verður upp á myrka köku og svarta drykki
- Lifandi gínur verða með sýningu á fatnaði fyrir Pex og Veiðifluguna
- Húslestur verður í **Landsbankanum**.
- Mannlífsmyndir á skjávarpa í Landsbankanum og sýning á verkum frá StarfA hópnun.
- Fjöldmörg tilboð og kynningar í **Krónunni**
- Ýmis tilboð í **Veiðiflugunni**
- **Pex** 10% afsláttur af svörtum fatnaði og skóm.
- Ýmis tilboð í **Lyfju**.
- Slysavarnadeildin **Ársól** verður með bás í Molanum og með til sölu spilabókina, kennslubók í spilum, endurskinsvesti og endurskinsmerki.
- Getraun, óvæntar uppakomur, ýmsar kynjaverur verða á sveimi og nokkuð víst að einhverjar þeirra verða með óvænt atriði.





Húsasmiðjan 25% afsl. af ljósum, jólaljósum og kertum, vöfflur, kaffi og tónlistaratriði.

Fjarðahótel súpa og villibráðtvenna á 4900 kr. opið til kl. 23:00.

Birta og Herta góð tilboð og veitingar.

Hárstofa Sigríðar opnar nýja stofu á Ægisgötu og verður með 25% afslátt af Tigi og 15% afslátt af Fudge. Góðgæti.

Sesam brauðhús - ýmis tilboð.

Byko – boðið upp á veitingar út kvöldið og ljós á 25% afsl.

Egilsstaðir:

Það sem gerist í Sláturhúsinu eftir myrkur - KL: 21.00.

Listafólk Sláturhússins bíður þig velkomin... Jóna Björt, Kox, Ásdís, Íris, Dúi, Kári, Erla, Haraldur og Lóa. Sýningar í öllum hornum, Myndlist, Tónlist, Fatahönnun, Kvikmyndalist, Ljósmyndun. Sýning stendur til 20.nóvember
Frítt inn. Nánar á slaturhusid.is

Laugardagur 12. nóvember

Djúpivogur:

Hótel Framtíð - Sviðamesa/Hrekkjavaka – skemmtun á Hótel Framtíð.

Fljótsdalshérað:

Skriðuklaustur - Opið kl. 13-17. Ljósmyndasýningarnar *Aðventa á Fjöllum og Ferðalangar á Fjöllum*. Súkkulaðikökur og fleira góðgæti í Klausturkaffi.

EinleiksTónleikar Dóra Pella Sláturhúsinu - KL:21.00. Frítt inn. Sögur, tónlist, gjörningar.

Sviðalappaveisla í Sænautaseli Jökuldalsheiði kl 17:30





Seyðisfjörður:

Konu- & karlakvöld - Karlakvöld í íþróttahúsinu og konukvöld í sundlauginni. Myrkur, karlmennska, rómantík, kertaljós og...

Mykraball Hótel Öldunnar - Hlynur Ben trúbador spilar frá kl. 23:30, nánar auglýst er nær dregur.

Svartnætti á Skálanesi - Helgarnar 12. – 13. & 19. – 20. nóvember. Upplifið svartnættið langt frá náfnök þéttbýlisins og siðspilltum sollinum. Í boði er kvöldverður með draugalegri og hræðilegri stemmingu. Gisting og ríkulegur morgunverður á sunnudeginum. Gestum gefst kostur að loknum kvöldverði að sitja saman í mannætupotti ásamt sellerí og gulrótarbitum eða að reyna sig við sjálfsgufusteikingu í skýli líku því sem skriðfínnar brúka gjarnan. Eftir góðan nætursvefn er blessing húsráðanda í boði og næringarríkur morgunverður áður en haldið er aftur til byggða. Bókanir í síma 861-7008 eða skalanes@skalanes.com

Skaftfell - Frásagnasafnið í aðalsal Skaftfells er opið frá kl. 14:00 báðar Daga myrkurs helgarnar.

Bistró – Skaftfells - Opið kl. 14 og fram eftir kvöldi báðar Daga myrkurs helgarnar. Eldhúsið er opið kl. 14-21.

Skálinn - Mjög dularfull tilboð í sjoppunni báðar myrku helgarnar – opið fös. 09-21, lau. 10 – 21 & sun. 11 – 20.

Kaffi Lára

Opið um helgar – Dularfull stemming og andi frú Láru verður vafalaust á sveimi um húsið.

Stöðvarfjörður:

Kaffi Steinn - Grímuball með hrollvekjandi ívafi. Aðgangseyrir kr. 500 fyrir 10 ára og eldri. Grímuball með hrollvekjandi ívafi fyrir fullorðna. Aðgangseyrir kr. 2500. Nánar auglýst síðar.

Eskifjörður:

Rómantískur laugardagur - Löng opnun hjá verslunum – opið 11:00-16:00. Þennan dag verður bærinn líflegur - kíkið við hjá:

- **Bókabúðinni Eskja**, kertatilboð.





- **Böggja blóm** 20% afsl. af hjartakertum,
- **Samkaup Strax** ýmis tilboð í gangi og í sama húsi á loftinu eru mikið um að vera hjá: **Litlu búðinni, Verkstæði Kötu og Rauðakross búðinni**, en þar er tilboðspokadagur og kynning á starfi deildarinnar. Hægt er að koma með föt í búðina sem eiga að fara í sölu þar, tilvalið að taka til í skápunum.
- **Trick** sérstök slá með vörum sem verða á 40% afslætti aðeins þennan eina dag.
- **Videoleiga Eskifjarðar** tilboð á öllum geisladiskum, ný sending af lömpum.

Verkstæði Kötu opnar sýninguna *Firðirnir í Fjarðabyggð* og kynnir nýjar vörur sem komnar eru eftir marga nýja hönnuði.

Krambúðin - Sjóminjasafni Austurlands. Seldur verður brjóstsykur í kramarhúsi í gömlu búðinni og safnið opið.

Opið hús hjá Myndlistafélagi Eskifjarðar frá kl. 11:00-16:00. Húsnæði þeirra er við hliðina á Valhöll í Strandgötu. Heitt á könnunni.

Rómantískur kvöldverður og fallegar hjartalagar kökur á Kaffihúsinu Eskifirði.

Ástareldur á Mjóeyri kl.20:30. Lifandi tónlist, seiðandi kakó, sykurpúðar og rómó stemning í fjörunni.

Fáskrúðsfjörður:

Kaffi Sumarlína - Pizzatilboð

Norðfjörður:

Ljóðakvöld í Seldal kl. 20:00. Dagskrá verður fjölbreytt að vanda. Nefna má að meðal gesta verða Kristín Jónsdóttir, skáld á Hlíð í Lóni og Þorsteinn Bergsson, trúbador á Unaósi. Félag ljóðaunnenda á Austurlandi.

Sunnudagur 13. nóvember

Fljótsdalshérað:

Skriðuklaustur - Opið kl. 13-17. Ljósmyndasýningarnar *Aðventa á Fjöllum og Ferðalangar á Fjöllum*. Súkkulaðikökur og fleira góðgæti í Klausturkaffi.

Það sem gerist í Sláturhúsinu eftir myrkur - Kl:14 - 16. Nánar á slaturhusid.is





Djúpivogur:

Við Voginn - Poolmót þar sem keppendur þurfa að vera með lepp yfir öðru auganu. Kaffi og rammíslenskt bakkelsi.

Ljósastund í kirkjunni – Djúpavogskirkja kl. 18:00.

Fáskruðsfjörður:

Kaffi Sumarlína – Ýmis tilboð í gangi.

Eskifjörður:

Fallegar rómatískar kökur á Kaffihúsinu Eskifirði.

Bílabíó á Mjóeyri - Barnasýning kl.18:00 fullorðinssýning kl.20:30. Ókeypis aðgangur. Til sölu popp og gos.

Tilboð og afslættir:

Hótel Framtíð Djúpavogi er með tilboð á gistingu á meðan á Dögum Myrkurs stendur.

Við Voginn Djúpavogi verður með sérstaklega draugalegt tilboð á ilmandi kaffi og viðskiptavinum boðið upp á kaffibolla á meðan á Dögum Myrkurs stendur.

Stjörnuhár Egilsstöðum: 20% afsláttur af vörum dagana 3-13 nóvember.

Myndsmiðjan Egilsstöðum: Langur laugardagur 5. nóv. Áhersla lögð á hverskonar græjur, t.d. verða sjónvörp boðin upp á klukkutíma fresti, sérfræðingar frá Vodafone, Hátækni og Opnum kerfum verða á staðnum og vafalítið einhver feistandi tilboð í gangi. Auk þess verður myndasýning í gluggum Myndsmiðjunnar frá 3 – 6. Nóv. Lífgum síðan uppá með kertaljósum eftir að rökkva tekur.

Snæfellsstofa; Opið helgarnar 5-6 og 12-13 nóvember frá 13-17, 10% afsláttur flestum vörum í versluninni.

Trick Eskifirði verður með 15% afslátt af öllum vörum alla dagana og einnig snjóbrettafatnað á herra og drengi og snjóbrettahálma á 30% afslætti.

Bókabúðin Eskja, kertatilboð á Dögum myrkurs, 20% afslátt eða 3 fyrir 2.





Nesbær – Nytjalist á Nesi alla dagana, handverksmarkaður Norðfirðinga. 50% afsl. af völdum vörum, myndlistarmaður mánaðarins (allan nóv), tilboð á meðlæti með kaffinu.

Föstudagur 25.11.11

JassTónleikar ADHD í Sláturhúsinu Egilsstöðum kl: 21.00. Meðlimi hljómsveitarinnar ADHD þarf vart að kynna en hún er skipuð þeim Óskari og Ómari Guðjónssonum, Davíð Þór Jónssyni og Magnúsi Trygvasyni Elíassen. Nánar á slaturhusid.is

Laugardagur 26.11.11

Tónleikar Lay Low ásamt Hljómsveit í Sláturhúsinu Egilsstöðum. Nánar á slaturhusid.is

